

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Furadantin 5 mg töflur Furadantin 50 mg töflur nitrofurantoin

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að taka lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Furadantin og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Furadantin
3. Hvernig nota á Furadantin
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Furadantin
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Furadantin og við hverju það er notað

Furadantin inniheldur nitrofurantoin sem hefur bakteríudrepandi áhrif. Það er virkt gegn flestum tegundum baktería sem valda þvagfærasýkingum.

Furadantin er notað við þvagfærasýkingum.

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Furadantin

Ekki má nota Furadantin

Hvorki má gefa lyfið nýburum né börnum yngri en 1 mánaðar gömlum.

Konur sem eru með yngra en 1 mánaðar gamalt barn á brjósti mega ekki nota lyfið.

Þeir sem eru með þekktan skort á ensíminu glucose-6-phosphate-dehydrogenasa mega ekki nota lyfið.

Þeir sem eru með alvarlega skerta nýrnastarfsemi mega ekki nota lyfið eða ef um er að ræða ofnæmi fyrir nitrofurantoini eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum áður en Furadantin er notað ef þú ert með einhvern eftirtalinna sjúkdóma: sykursýki, blóðleysi, B-vítamínskort eða skerta nýrnastarfsemi.

Stundum getur þvagið litast brúnt, en það er alveg skaðlaust.

Hætta skal notkun Furadantin og hafa tafarlaust samband við lækni ef einhver af eftirtöldum einkennum koma fram (merki um ofsabjúg)

- þroti í andliti, tungu eða hálsi
- kyngingarerfiðleikar
- ofnæmisútbrot og öndunarerfiðleikar.

Ræðið við lækinn ef vart verður við þreytu, gullitun húðar eða augna, kláða, útbrot á húð, liðverki, óþægindi í kvið, ógleði, uppköst, minnkaða matarlyst, dökkt þvag eða ljósar eða gráleitar hægðir. Þetta geta verið einkenni lifrarkvilla.

Notkun annarra lyfja samhliða Furadantin

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Ekki skal gefa Furadantin rétt fyrir eða rétt eftir fæðingu nema að vandlega athuguðu máli.

Furadantin skilst út í brjóstamjólki. Konur sem eru með yngra en 1 mánaðar gamalt barn á brjósti mega ekki nota Furadantin.

Akstur og notkun véla

Furadantin hefur engin þekkt áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Furadantin inniheldur laktósa

Furadantin inniheldur laktósa. Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

3. Hvernig nota á Furadantin

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Læknir ákvarðar þann skammt sem hentar hverjum og einum.

Venjulegur skammtur handa fullorðnum: 50 mg 3 sinnum á sólarhring í 5 daga.

Venjulegur skammtur handa börnum (eldri en 1 mánaðar gömul): 3 mg/kg líkamsþyngdar á sólarhring, gefið í minnst tveimur skömmtum í eina viku.

Taka á Furadantin inn *með mat*, bæði til að draga úr ógleði og til að auka verkun þess. Mylja má töflurnar og blanda þeim í smávegis af vökva eða í mat.

Við endurteknar þvagfærasýkingar er oft þörf fyrir langtíma meðferð, í nokkra mánuði og jafnvel ár.

Mikilvægt er að *nota lyfið samkvæmt fyrirmælum læknisins* til að koma í veg fyrir endurteknar sýkingar.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef gleymist að taka Furadantin

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp töflu sem gleymst hefur að taka.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá innan við 1 af hverjum 100 sjúklingum): Ógleði og uppköst, einkum við stærri skammta og þegar lyfið er tekið á fastandi maga.

Ofnæmisviðbrögð geta komið fram. Einkenni þess eru mæði, hiti, þreyta, útbrot, kláði, höfuðverkur, svimi, niðurgangur, einkenni astma, munnþurrkur, vöðvaverkir.

Taugaskemmdir í útlimum með einkennum á borð við náladofa og doða í fótum og höndum geta komið fram ef notaðir eru of stórir skammtar miðað við nýrnastarfsemi, einkum hjá sjúklingum með sykursýki, blóðskort, B-vítamínskort eða truflanir á sýru-basa-jafnvæginu. Áhrif á lifur og blóðmynd geta komið fram.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá innan við 1 af hverjum 1.000 sjúklingum): Augntin, hárlas. Góðkynja hækkun þrýstings innan höfuðkúpu. Vangakirtilsbólga. Óeðlileg bandvefsaukning í lungum við langtímameðferð. Þroti í andliti, vörum, tungu eða hálsi ásamt andnað eða kyngingarferfiðleikar eða svokallaður ofsabjúgur (sjá Varnaðarorð og varúðarreglur).

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum): Alvarleg ofnæmisviðbrögð með hita, húðútbrotum, þrota og stundum blóðþrýstingsfalli (bráðaofnæmislost), kviðverkir. Bólga í æðaveggjum lítilla æða, sem veldur húðskemmdum. Bólga í lifur vegna þess að ónæmiskerfið snýst gegn lifrarfrumum. Bólga í nýrnavef umhverfis nýrnapiplur, sem veldur skerðingu á nýrnastarfsemi.

Ef einhver þessara aukaverkana kemur fram skal hætta meðferðinni og hafa samband við lækni.

Tilkynning aukaverkana

Látid lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Furadantin

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Tafla 5 mg: Geymið við lægri hita en 25°C.

Tafla 50 mg: Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Furadantin inniheldur

- Virka innihaldsefnið er nitrofurantoin, 5 mg töflur eða 50 mg töflur.
- Önnur innihaldsefni eru laktósaeinhýdrat 177,5 mg (5 mg töflur) eða 132,5 mg (50 mg töflur), kartöflusterkja, metýlsellulósi, vatnsfrí kísilkvoða, magnesíumsterat.

Lýsing á útliti Furadantin og pakkningastærðir

Furadantin 5 mg töflur eru gular, kringlóttar, kúptar með deilikrossi og áletruninni „FV“ innan sviga og eru 9 mm að þvermáli.

Pakkningastærðir:

50 töflur í plastglasi.

Furadantin 50 mg töflur eru gular, kringlóttar, kúptar með deilikrossi og áletruninni „FZ“ innan sviga og eru 9 mm að þvermáli.

Pakkningastærðir:

15 og 25 töflur í þynnupakkningu, 100 töflur í plastglasi.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi

Viatris ApS
Borupvang 1
2750 Ballerup
Danmörk

Framleiðandi

Sofarimex Indústria Química e Farmacêutica, S.A., Portugal

Fulltrúi markaðsleyfishafa:

Icepharma hf
Lynghálsi 13
110 Reykjavík

Þessi fylgiseðill var síðast samþykktur í júlí 2025.